

Ed. 470. Breytingartillögur [4. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 11. maí 1970, um kaup á sex skuttogurum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Í stað orðanna „allt að sex“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: allt að þrettán.
2. Aftan við 2. gr. bætist ný málsgrein:
Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella efni þeirra inn í lög nr. 40 11. maí 1970 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um kaup á skuttogurum.